

Minnisblað

Viðtakandi:

Höfundur: Guðrún Lára Sveinsdóttir

12. júní 2024

Tilvísun: 202401011 / 0.2.1

Efni: Samantekt af vorfundi skipulagsfulltrúa 21. maí

Notkun Skipulagsgáttar við skipulagsgerð

- Samkvæmt skipulagslögum ber Skipulagsstofnun að starfrækja Skipulagsgátt, landfræðilega gagna- og samráðsgátt um gerð skipulagsáætlana, umhverfismat og framkvæmdaleyfi. Jafnframt eru skipulagslög afdráttarlaus um að nota skuli gáttina við skipulagsgerð og útgáfu framkvæmdaleyfa og skulu allar umsagnir berast í gáttina. Aðeins hefur borið á því að mál hafi ekki verið forkynnt á vinnslustigi eða auglýst í gáttinni. Séu gögn ekki kynnt með fullnægjandi hætti í skipulagsgátt kann það að valda töfum á málsmeðferð. Notkun gáttarinnar er ekki valkvæð heldur ber að nota hana fyrir öll mál á öllum skipulagsstigum.
- Jafnframt er minnt á að mikilvægt er að skráning upplýsinga um mál í Skipulagsgátt sé samkvæmt þeim leiðbeiningum sem gefnar eru í gáttinni t.a.m. upplýsingar um dagsetningu á afgreiðslu mála í nefndum, auglýsingatíma og athugasemdafresti og að fundargerðir séu lagðar fram með skipulagsgögnum.
- Við innleiðingu gáttarinnar var gefin ákveðin undanþága varðandi eldri mál, þess eðlis að hægt væri að ljúka málum sem hófust hjá sveitarfélögum fyrir 1. júní 2023. Nú, þegar eitt ár er liðið lítur stofnunin svo á að þessum innleiðingartíma sé lokið og að öll mál skuli hér eftir birta í Skipulagsgátt.

Skipulagsstig í gáttinni með vísun í skipulagslög

- Þegar mál er lagt fram í Skipulagsgátt er mikilvægt að gæta að því að það sé sett fram í réttum fasa (skipulagsstigi) samkvæmt afgreiðslu nefnda. Borið hefur á misbresti á þessu við skráningu lýsingar, vinnslutillögu og athugunar fyrir auglýsingu þannig að í einhverjum tilvikum hefur mál verið sett fram sem lýsing þrátt fyrir að vinnslutillaga hafi verið samþykkt í nefnd og einnig hefur mál verið sett fram sem vinnslutillaga þegar fyrir liggur samþykkt sveitarstjórnar til auglýsingar og tillagan því að koma til athugunar fyrir auglýsingu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í erindi sveitarstjórnar komi ávallt fram vísun í viðkomandi lagagrein í skipulagslögum svo skýrt sé hvers konar afgreiðslu sé óskað af hálfu stofnana og umsagnaraðila.
- Skipulagsstofnun ber að veita umsögn um lýsingu sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og að taka tillögu til athugunar fyrir auglýsingu sbr. 3. mgr. 30. gr. laganna en þess utan óskar stofnunin í sumum tilvikum eftir því að fá umfangsmeiri skipulagstillögur til umsagnar á vinnslustigi sem og þegar um er að ræða heildarendurskoðun aðalskipulags.

Auglýsing skipulagstillagna

- Skipulagslög kveða á um að auglýsa skuli skipulagstillögu með áberandi hætti, svo sem í dagblaði sem gefið er út á landsvísu auk Lögbirtingarblaðs og skal hún einnig vera aðgengileg á netinu. Þar sem ekkert dagblað er gefið út á landsvísu lengur hefur stofnunin talið fullnægjandi að auglýsa tillögur í Skipulagsgátt, í Lögbirtingarblaði og á heimasíðu sveitarfélags auk þess að auglýsa með áberandi hætti í þeim miðli sem viðkomandi sveitarfélag telur best til þess fallið að ná því markmiði, t.a.m. bæjarblaði eða landsdekkandi miðlum. Minnt er á að markmiðið með auglýsingu er að ná til sem flestra íbúa og hagsmunaaðila og það er á ábyrgð sveitarstjórnar að meta hvaða leiðir séu líklegar til að skila bestum árangri.

Leiðbeiningar fyrir notkun Skipulagsgáttar

- Það er markmið stofnunarinnar að gera Skipulagsgátt þannig úr garði að notkun hennar verði á allan hátt sem þægilegust og aðgengilegust fyrir alla notendur hvort sem um er að ræða almenning eða umsjónaraðila. Við tökum öllum ábendingum um gáttina fagnandi og munum gera okkar besta til að verða við þeim með breytingum eða leiðbeiningum.
- Í Skipulagsgátt er að finna leiðbeiningar um notkun gáttarinnar sem vonast er til að nýtist sem best.

Stafrænt aðalskipulag

- Ákvæði skipulagslaga fela í sér að aðalskipulag skal vinna og skila á samræmdu stafrænu formi auk þess sem það er sett fram á skipulagsupphráttum og greinargerð eftir því sem við á líkt og verið hefur. Stafrænu gögnin eru hluti af samþykktum skipulagsgögnum og Skipulagsstofnun er ekki kleift að staðfesta aðalskipulagstillögu fyrr en öll skipulagsgögn hafa borist í gegnum Skipulagsgátt, þ.m.t. fullnægjandi stafræn gögn.
- Skipulagsstofnun hvetur til þess að stafræn gögn séu send til yfirferðar samhliða öðrum skipulagsgögnum til athugunar fyrir auglýsingu, enda stafrænu gögnin hluti þess gagnapakka sem stofnuninni ber að fara yfir. Á þessu hafa verið mishöld en stofnunin hefur litið svo á að ef þessi gögn koma til yfirferðar frammar í skipulagsferlinu og ábendingum er komið á framfæri fyrr sé það til þess fallið að lágmarka tafir þegar kemur að staðfestingu skipulagstillögu. Á því hefur jafnframt borið að að stafræn gögn séu ekki lögð fram samhliða hefðbundnum skipulagsgögnum og fylgiskjöllum þegar mál er lagt fram til staðfestingar í Skipulagsgátt. Án þeirra er Skipulagsstofnun ekki færð að yfirfara gögnin á fullnægjandi máta lögum samkvæmt með tilheyrandi töfum á málsmeðferð staðfestingar.
- Í þessu sambandi er minnt á að lögbundinn afgreiðslufrestur stofnunarinnar eru fjórar vikur, bæði í tilfelli athugunar fyrir auglýsingu og staðfestingar aðalskipulags. Berist viðbótargögn þá endurnýjast afgreiðslufresturinn þar sem hann telur frá þeim degi þegar fullnægjandi skipulagsgögn hafa borist.

Deiliskipulag

- Minnt er á að það er á ábyrgð sveitarstjórnar að form og efni deiliskipulags uppfylli skilyrði skipulagslaga og -reglugerðar.
- Tekið hefur verið upp breytt verklag við yfirferð deiliskipulags sem snýr einkum að athugun á málsmeðferð, samræmi við aðalskipulag og samráði við hagsmunaaðila.
- Geri Skipulagsstofnun athugasemd við deiliskipulag er skv. skipulagsreglugerð er ekki skylt að senda það til stofnunarinnar til yfirferðar á nýjan leik heldur er heimilt að birta auglýsing í B-deild að lagfæringum loknum.
- Mjög mörg deiliskipulög eru óbirt í Skipulagsvefsjá þar sem stofnuninni hafa ekki borist útprentuð og undirrituð skipulagsgögn til vörslu og birtingar í Skipulagsvefsjá. Þetta á ekki hvað síst við um óverulegar breytingar á deiliskipulagi en einnig verulegar breytingar. Stofnunin hvetur til þess að þetta verði tekið fastari tökum.
- Stofnunin mun nú í júníbyrjun fara að óska eftir því að fá afmörkun skipulagssvæðis deiliskipulags á stafrænu formi til birtingar í vefsjá þegar tillaga að deiliskipulagi er lögð fram til athugunar að lokinni auglýsingu í Skipulagsgátt. Gögnin geta t.d. verið á .shp eða .dwg formi en gæta verður að því að gögnin séu hnitsett. Ábending varðandi þetta verður sett í afgreiðslur stofnunarinnar.

Stafrænt deiliskipulag

- Í undirbúningi er innleiðing stafræns deiliskipulags en samkvæmt skipulagslögum skal þeirri vinnu vera lokið 1. janúar 2025. Haft verður samráð við sveitarfélög varðandi áherslur.

Minum á lista yfir skipulagsráðgjafa

- Samkvæmt 7. gr. skipulagslaga er heimilt að fela þeim sem uppfylla sömu hæfisskilyrði og skipulagsfulltrúi gerð skipulagsáætlana séu þeir á lista Skipulagsstofnunar.

Yfirferð á leiðbeiningar efni og gátlistum

- Unnið er að endurnýjun leiðbeiningar efnis um ferli og innihald skipulagsáætlana og umhverfismats. Við þá vinnu höfum við horft til þeirra atriða og áherslna sem fram komu á fundi Skipulagsstofnunar og skipulagsfulltrúa síðastliðið haust.
- Stefnt er að því að vinna gátlista fyrir skipulagsfulltrúa sem lýtur að yfirferð á skipulagstillögum áður en þær verði lagðar fram í Skipulagsgátt og óskað yfirferðar Skipulagsstofnunar og umsagna annarra.
- Við þessa vinnu telur Skipulagsstofnun mikilvægt að eiga gott samráð við sveitarfélögin. Hafi einhver viðtakenda áhuga á að koma að þessu samráði með beinum hætti, eða koma á framfæri ábendingum þá hvetjum við ykkur til að hafa samband með því að senda okkur tölvupóst á netfangið skipulag@skipulag.is.
- Á næstunni verða spurningar og svör við algengum spurningum um skipulagsmál og umhverfismat birt á vefsíðu Skipulagsstofnunar sem vonandi mun nýtast ykkur, jafnt sem okkur til að vísa til varðandi spurningar við ýmsum álitamálum eða grundvallaratriðum er varða málaflokkinn.